

Ár 2011, fimmtudaginn 20. október kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins. Mætt voru: Unnur Þormóðsdóttir, Ninna Sif Svavarsdóttir og Róbert Hlöðversson. Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð í tölvu.

Unnur Þormóðsdóttir formaður, setti fund og stjórnáði.

Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Bréf sem borist hafa frá:

1.1. Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 30. september 2011.

Í bréfinu eru kynnt áhrif nýrra sveitarstjórnarlaga á stjórnsýslu sveitarfélaga.

Lagt fram til kynningar.

1.2. Mennta- og menningarmálaráðuneytinu frá 28. september 2011.

Í bréfinu var kynnt rannsókn ráðuneytisins á högum barna og ungmenna „Ungt fólk“.

Lagt fram til kynningar.

1.3. Jóhanni Ísleifssyni ódagsett.

Í bréfinu ræðir Jóhann Ísleifsson um ónæði sem hann varð fyrir vegna gesta á hátíðinni „Blómstrandi dagar“ og óskar svara um það hvort framhald verði á hátíðahöldum í óbreyttri mynd í framtíðinni.

Bæjarráð harmar það eignatjón sem bréfitari lýsir í bréfi sínu en telur ekki að um bótaskyldu bæjarins sé að ræða. Því miður er það svo að misjafn sauður leynist í mörgu fé og því ekki sanngjarnt að dæma hátíðina fyrir slíkt en hún fór að langmestu leyti afar vel fram þrátt fyrir þann gríðarlegan mannfjölda sem hana sótti heim. Einmitt í því ljósi telur bæjarráð æskilegt að bæði umferðargæsla og næturgæsla á svæðinu verði aukin frá því sem nú er og öryggi gesta og bæjarbúa enn betur tryggt með því móti. Bæjarstjóra og menningar- og frístundafulltrúa er falið að gera ráðstafanir í þá veru fyrir hátíðir næsta árs.

1.4. Sigurði Gizurarsyni frá 30. september 2011.

Í bréfinu sem ritað er fyrir hönd umbjóðenda hans Valgerði Magnúsdóttur er gerð krafa um endurgreiðslu gatnagerðargjalds.

Bæjarráð frestar afgreiðslu erindisins þar til álit lögmanna bæjarins á umræddri kröfu liggur fyrir.

1.5. Stjórn Atvinnuþróunarfélags Suðurlands ódagsett.

Í bréfinu býður stjórn Atvinnuþróunarfélags Suðurlands sveitarstjórnarfólki á Suðurlandi til skrafs og ráðagerða um félagið

laugardaginn 29. október kl. 9 til 11:30.

Lagt fram til kynningar.

2. Tæknileg málefni:

2.1. Umsögn um leyfi til reksturs veitingastaðar í flokki II.

Sýslumaður óskar eftir umsögn Hveragerðisbæjar vegna umsóknar Sigurðar H. Tryggvasonar f.h Hoflandssetrið hjáleiga., kt. 470911-1580 um leyfi til reksturs veitingarstaðar í flokki II í Hoflandsetrinu, Breiðamörk 2B.

Bæjarráð gerir ekki athugasemd við fyrirhugaðan afgreiðslutíma og staðsetningin er innan marka, reglna og skipulags sveitarfélagsins.

2.2. Ósk um að falla frá forkaupsrétti á Hverahlíð 16.

Lagt fram bréf frá Fasteignasölnunni Gimli þar sem óskað er eftir að Hveragerðisbær falli frá forkaupsrétti af fasteigninni Hverahlíð 16. Jafnframt er óskað eftir að fasteignagjöld af eigninni verði felld niður frá brunadegi og að gengið verði frá nýjum lóðarleigusamningi.

Bæjarráð samþykkir að falla frá forkaupsrétti. Þegar húsið hefur verið rífið verða fasteignagjöld af fasteigninni felld niður frá og með þeim degi. Í kjölfarið verður gerður nýr lóðaleigusamningur.

2.3. Ósk um að falla frá forkaupsrétti á Austurmörk 20.

Lagt fram bréf frá fasteignasölnunni Byr þar sem óskað er eftir að Hveragerðisbær falli frá forkaupsrétti af fasteigninni Austurmörk 20 fastanúmer 223-4346.

Bæjarráð samþykkir að falla frá forkaupsréttinum.

3. Fjárhagsleg málefni:

3.1. Samningur við nemendur 7. bekkjar í GíH um umhverfishreinsun.

Lagður fram samningur við 7. bekk GíH um umhverfishreinsun.

Samningurinn samþykktur.

4. Starfsmanna málefni:

4.1. Bréf frá leikskólastjóra leikskólans Óskaland frá 12. október 2011.

Í bréfinu óskar leikskólastjóri eftir að fá að ráða í nýtt 50% stöðugildi fram til áramóta og í 100% stöðugildi frá áramótum vegna stuðnings við langveikt barn.

Bæjarráð samþykkir að ráðið verði í 50% stöðu til áramóta. Tekin verður ákvörðun um framhaldið við gerð fjárhagsáætlunar.

5. Fundargerðir til kynningar:

5.1. Stjórnar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands frá 5. október 2011.

5.2. Stjórnar Skólaskrifstofu Suðurlands frá 6. október 2011.

5.3. Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands bs frá 10. október 2011

Fundargerð upp lesin og samþykkt.
Fleira ekki gert og fundi slitið kl 8:51

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Róbert Hlöðversson, (sign.)

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)